

Fundargerð aðalfundur hverfisnefndar Oddeyrar **Haldinn í Oddeyrarskóla fimmtudaginn 31. mars 2016**

1. Fundarsetning.

Fundarstjóri Jón Einar Jóhann bauð gesti og kynnti dagskrá fundar.

2. Skýrsla stjórnar Hverfisnefndar.

Perla Fanndal flutti skýrslu Hverfisnefndar.

Hverfisnefndir fá úthlutað 1,5 milljónum króna til verkefna að eigin vali. Á síðasta ári voru m.a. Sett upp söguskilti á Eiðsvelli og farið í lagfæringar og girðingarvinnu á honum. Þá hefur nefndin staðið fyrir morgunkaffi fyrir íbúa hverfisins á Akureyrarvöku. Hverfisnefndin hefur á vettvangi sínum rætt m.a. Þá leiðu þróun sem flest í því að íbúðarhúsnæði er í síauknu mæli keypt og lagt undir gistiheimili eða orlofsíbúðir. Hún hefur og rætt það, að í öllum framkvæmdum- hvort sem þær lúta að uppbyggingu umferðarmannvirkja - eða atvinnustarfsemi sé í hvívetna tekið tillit til hagsmuna, þarfa og öryggis íbúa.

Í kjölfar kynningar á ársskýrslu kom upp umræða í sal þar sem m.a. Var rætt um téða gistiheimilavæðingu. Mjög auðvelt virðist vera að breyta notkunarflokki húsnæðis úr íbúð og í gistirými. Það getur skapað vissan vanda þegar ein- eða tvíbylí er hólfað niður í fleiri einingar þar sem gestir þessara rýma þurfa fleiri bílastæði, auk þess að ekki fjölgar íbúum hverfisins eða skólabörnum þegar íbúðum er breytt í orlofs- eða gistirými. Hugmynd kom fram um uppsetningu söguskilta á eða framan við eldri hús með merka sögu- sem eru mörg í þessum öðru elsta hverfi bæjarins. Mögulega mætti leita til hinna fjölmörgu stöndugra fyrirtækja í hverfinu varðandi styrk í það og önnu slík verkefni

3. Kosningar í stjórn

Úr stjórn ganga þau Perla Fanndal, Kristín Elva Magnúsdóttir. Nýjir stjórnarmenn eru þau Vigfús Jóhannesson og Halldóra Konráðsdóttir.

4. Önnur mál

Minnst á snjómoksturs- og söndunarmál. Ekki þykir nægilega vel staðið að mokstri og hálkuvörnum í nágrenni Oddeyrarskóla (dæmi um að skólarútur hafi festst á Reynivöllum) Lýst yfir hrósi varðandi endurbætur á Eiðsvelli- en e.t.v. mætti endurskoða staðsetningu folgrinda þar.

Að fundi loknum héldu dr. Bjarki Jóhannesson, skipulagsstjóri og Lilja Filippusdóttir erindi.

Bjarki kynnti skipulagsmál almennt, vinnu að nýju Aðalskipulagi sem stefnt er að samþykktu 2017 en Lilja fjallaði um hugmyndir um framtíðar rammaskipulag Oddeyrar, landnýtingu, umferðarmannvirki og skipulag þeirra. Framtíðarsýnin er sú, að íbúðum fjölgi, dregið sé úr umferð og götur og umhverfi verði endurbætt.

Miklar umræður spunnust um erindin en helst ber að nefna, að fram kom hörð gagnrýni á skipulagsdrög af Hvannavallareit, þar sem gert ráð fyrir stórri verslunarskemmu og stóru bílastæði. Er það ekki í samræmi við það stefnt var að á þessu svæði, þar sem lagt var upp með íbúða- og þjónustubyggingar. Ekki eigi að láta áform eða vilja lóðarhafa ganga fyrir fyrirhuguðu skipulagi.

Oddeyrarskóla, 31.mars 2016
Arnór Bliki Hallmundsson